Veita.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 24 DES. 1996
Málsnr.: 96120315
Bréfal.: 631.4

Til forseta Íslands.

Reykjavík 8. ágúst 1996.

Ásgeir Ingólfsson, cand. oecon. f. 26. júlí 1934,

sækir um uppreist æru.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 21. júní 1979 var ég undirritaður dæmdur til 16 ára fangelsisvistar fyrir brot á 211. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ég afplánaði refsingu mína í fangelsinu á Litla- Hrauni og síðar vistheimilinu á Kvíabryggju og fékk reynslulausn 17. júlí 1984 á eftirstöðvum refsingar, sem voru 2880 dagar. Ég fluttist þá til Reykjavíkur og hefi búið þar síðan. Ég hefi unnið á eigin vegum, aðallega við þýðingar á bókum og sjónvarpsefni, og einnig hefi ég ritað eina bók.

Ég hef eftir að refsivist lauk lifað heiðarlegu og reglusömu lífi; er fráskilinn og eignuðumst við hjónin tvo syni, sem eru uppkomnir, en áður átti ég dóttur, [redacted]

Þar sem svo langt er um liðið, síðan afplánun refsingar var að fullu lokið, leyfi ég hér með að fara þess á leit, að mér verði veitt uppreist æru.

Meðfylgjandi er ljósrit Hæstaréttardómsins og ljósrit sakavottorðs, ásamt vottorði tveggja valinkunnra manna um hegðun mína.

Allrar virðingarfyllst,

Ásgeir Ingólfsson

Ásgeir Ingólfsson.

Samið af Haraldi Blöndal hrl.

# V O T T O R Ð

Það vottast hér með, að ég hefi þekkt til Ásgeirs Ingólfssonar, ________________ undanfarin ár, og get vottað það með beztu samvizku, að hann hefur lifað heiðarlegu og reglulegu lífi.

Reykjavík, ágúst 1996

Axel Kvaran

Axel Kvaran
070132-2579

V O T T O R Ð

Það vottast hér með, að ég hefi þekkt til Ásgeirs Ingólfssonar, undanfarin ár, og get vottað það með beztu samvizku, að hann hefur lifað heiðarlegu og reglulegu lífi.

Reykjavík, 30 ágúst 1996

Sigrún Benediktsdóttir
kt 140254-3399

Tillaga
til forseta Íslands
um uppreist æru.

Ásgeir Ingólfsson, kt. 260734-7179, til heimilis að ______ ______, hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar að því er snertir dóm Hæstaréttar, uppkveðinn 21. júní 1979, 16 ára fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Fallist á tillöguna
Ólafur Ragnar Grímsson

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður forseti Íslands, mætti þóknast

a ð veita nefndum Ásgeiri Ingólfssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm, og

a ð rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með fylgir.

Bessastöðum,
23. janúar 1997.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
8. janúar 1997

Allravirðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

6 6 97